

Fréttatilkynning IKEA innkallar PAX AURLAND speglahurðir



IKEA biður viðskiptavini sem eiga PAX fataskáp með AURLAND speglahurð frá framleiðanda nr. 12650 vinsamlegast um að hafa strax samband við þjónustuver (www.ikea.is/thjonustuver).

IKEA hefur fengið tilkynningar um að spegillinn geti losnað af hurðinni og brotnað í beittar flísar. Engar tilkynningar um slys hafa borist.

Framleiðsluvikurnar sem um ræðir eru 1039 – 1048. Vörunafnið PAX AURLAND og framleiðsluvikan og númer framleiðandans eru prentuð neðst aftan á speglahurðina.



Viðskiptavinir sem eiga PAX AURLAND speglahurð frá framleiðanda nr. 12650 eru beðnir að hafa samband við þjónustuver IKEA í síma 520 2500 til að fá leiðbeiningar um hvernig þeir geti fengið nýja hurð, þeim að kostnaðarlausu.

IKEA biðst velvirðingar á óþægindum sem þetta kann að valda.